

Flutningur leik- og grunnskóla á Flateyri undir sama þak

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að Grunnskóli Öfundarfjarðar og Leikskólinn Grænigarður verði að fullu sameinaðir undir eitt þak, en skólarnir hafa verið undir einum skólastjóra frá árinu 2012.

Fyrst og fremst er ætlun bæjarstjórnar með þessari ákvörðun að styrkja skólastarf á Flateyri með því að sameina starfsmannahópin á einni starfsstöð. Slík tilhögun hefur verið rædd undanfarin ár og er talin til mikilla bóta.

Mikil og kostnaðarsöm vinna þarf að fara fram til að koma húsnæði Grænagarðs í gott ástand en þar er mikill fúi í útviðum, þó innviðir séu mjög góðir, og er vilji til að beina því fjármagni frekar í að gera úrbætur á húsnæði grunnskólans, enda er það rúmgott og gefur möguleika á frekari stækkun í framtíðinni.

Nauðsynlegt er að fram fari viðgerð á húsnæði Grænagarðs fyrr en síðar. Í ljósi ákvörðunar bæjarstjórnar þarf húsið að komast í hendur nýrra eigenda sem fengið gætu húsinu nýtt hlutverk á Flateyri og komið því í gott ástand.

Á vinnufundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þriðjudaginn 25. október sl. var óskað eftir samantekt skólasviðs á kostum og göllum þess að færa leikskólann á Flateyri yfir í húsnæði grunnskólans.

Sameiginlegur skólastjóri 2012

Sviðsstjóri kom til starfa vorið 2011 og var eitt af hans fyrstu verkum að ganga inn í erfið samskiptamál í leikskólanum Grænagarði. Sviðsstjóri tók starfsmannasamtöl við alla sem þá störfuðu í leikskólanum og kom þá fram að viðmælendum fannst starfsmannahópurinn of lítill, starfsmenn væru einir í kaffi og undirbúningi og því erfitt að finna tíma til faglegra umræðu. Starfsmenn voru af þessum sökum jákvæðir fyrir sameiningu skólanna og sáu kosti við þá leið.

Málin voru skoðuð frá ýmsum sjónarhornum og þegar auglýst var eftir skólastjóra sumarið 2012 var ákveðið að sami skólastjóri yrði yfir báðum skólastigunum, þó svo að skólarnir yrðu ekki sameinaðir. Eitt af markmiðunum með þessu var að þetta starfsmannahópin, skapa aukið samstarf og gefa fleiri tækifæri til faglegrar umræðu.

Þegar árangurinn er skoðaður nú fjórum árum síðar er ljóst að ýmislegt hefur áunnist. Skólastigin hafa unnið nokkuð saman, en daglegt samstarf jókst hinsvegar lítið enda erfitt að koma því við þegar skólarnir eru í sitt hvoru húsinu.

Umræður um sameiningu skólanna í húsnæði

Á síðustu árum hefur sviðsstjóri reglulega rætt við skólastjórnendur, deildarstjóra og kennara um kosti og galla þess að sameina skólana undir eitt þak. Starfsmenn hafa almennt verið fylgjandi því að sameina skólana undir eitt þak en ekki endilega verið vissir um hvaða þak það ætti að vera. Þá hafa starfsmenn hræðst þá umræðu sem gæti farið af stað ef starfsemi leikskólans flyttist úr húsnæðinu sem Færeyingar gáfum Flateyringum fyrir tutugu árum.

Undanfarin ár hefur málið verið til umræðu hjá starfsmönnum skólanna tveggja og foreldrum skólabarna. Í október 2013 var haldinn fundur í Grunnskóla Öfundarfjarðar þar sem starfsmenn beggja skólanna og foreldrar mættu og var yfirskrift fundarins *Efling skólastarfs á*

Flateyri. Gerð var SVÓT greining en auk þess þurftu fundarmenn að vinna með þrjár spurningar.

1. Hvernig er hægt að efla skólastarf á Flateyri?
2. 2012 var sameinuð yfirstjórn leik- og grunnskólans á Flateyri. Á að vinna að enn frekari sameiningu þessara tveggja skóla. Ef já, þá hvernig?
3. Hvar verðum við eftir 10 ár?

Það eru svör við spurningu tvö sem skipta mestu máli varðandi það sem hér er fjallað um. Fram kom m.a. að kostir þess að vinna að sameiningu þessara tveggja skóla væri: „markvissara starf ef þetta væri undir einu þaki“, „gott fyrir leikskólabörnin að vera nálægt íþróttahúsinu“, „til að varðveita skólastarf á Flateyri er nauðsynlegt að sameina báða skólana undir eitt þak.“ Í svari við þessari spurningu kom einnig fram að ef af þessu yrði væri mikilvægt að allt yrði tilbúið áður en flutt væri og að flutningur yrði vel undirbúinn. Þátttakendur sáu líka galla á hugmyndinni, að sameining gæti sett báðum skólunum hömlur, hætta yrði á að leikskólastarfið yrði of grunnskólamiðað og að truflun gæti orðið milli skólastiga. Eftir fundinn skiptu einhverjir um skoðun sem varð til þess að ekki var sent bréf til bæjaryfirvalda og óskað eftir að skólarnir yrðu sameinaðir undir sama þak.

Í haust leit út fyrir að einungis sex börn yrðu í leikskólanum og þá með tveimur kennurum. Slík starfsstöð er einkar óheppileg þar sem aldrei er hægt að skilja einn starfsmann eftir með börnin komi eitthvað upp á þannig að hinn starfsmaðurinn sé fjarverandi. Til að leysa vandann var þáverandi fyrirkomulagi ræstingar hætt, starfsmanni sagt upp og ráðinn starfsmaður til að ræsta á dagtíma. Með núverandi fyrirkomulagi á ræstingu eru þrír starfsmenn í húsi og því þarf ekki að loka leikskólanum þó einn starfsmann vanti í vinnu.

Nú eru fjögur börn frá Ísafirði í leikskóla á Flateyri og því 10 börn í leikskólanum en fjögur þessara barna flytjast í leikskóla á Ísafirði í janúar 2017.

Nemendafjöldi

Mjög erfitt er að spá um nemendafjölda næstu árin. Það sem nú er hægt að horfa til er sá fjöldi sem nú á lögheimili á Flateyri og í Önundarfirði. Í töflunni hér að neðan sést að það eru 1-5 börn í hverjum árgangi en í nokkrum árgöngum eru engin börn.

Börn fædd	Bekkur	GÖ	Börn fædd	
2010	1.	1	2011	2
2009	2.	4	2012	0
2008	3.	0	2013	3
2007	4.	1	2014	0
2006	5.	1	2015	1
2005	6.	3	2016	5
2004	7.	4		
2003	8.	0		
2002	9.	3		

2001	10.	0
------	-----	---

Ef nemendafjöldinn er skoðaður í heild lítur þetta svona út:

Fjöldi samtals			
	GÖ	Grænig.	Samtals
2016-2017	17	6	23
2017-2018	19	4	23
2018-2019	16	9	25
2019-2020	19	6+?	
2020-2021	15	6+?	

Húsnæði

Sú sameining sem mest hefur verið rætt um er að flytja leikskólann í húsnæði grunnskólans. Ástæðan er að húsnæði grunnskólans er í nokkuð góðu standi og mun stærra en húsnæði leikskólans, þá er komið að miklu viðhaldi á húsnæði Grænagarðs vegna skemmda sem ekki er séð fyrir endann á. Verði mikil fjölgun barna á Flateyri á næstu árum eru möguleikar til viðbyggingar við GÖ miklar. Það er kostur að grunnskólinn stendur við íþróttahúsið og sundlaugina. Íþróttamannvirkin eru töluvert mikið nýtt af skólunum og mætti nýta enn meira.

Grunnskólinn er í steinsteyptu húsi sem er í nokkuð góðu ástandi. Húsið er tæplega 700 fermetrar á tveimur hæðum. Húsnæðið skiptist í dag þannig að 21 fermetri eru undir salerni, tæplega níu fermetrar í anddyri en annað er kennslurými, gangar og rými fyrir starfsmenn. Í dag er mjög rúmt um þá 17 nemendur sem í skólanum eru og er þeim kennt að mestu á efri hæð hússins. Komið er að einhverju viðhaldi innanhúss svo sem á salernum og verkgreinastofu. Verði af flutningi þarf að gera töluverðar breytingar svo húsnæðið henti leikskólastarfi. Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur aðstöðu í skólanum til kennslu. Skólalóðina þarf að taka í gegn en hún hentar þó yngri nemendum grunnskólans ágætlega. Lóðin er á frekar opnu svæði og opin fyrir veðri og vindum. Á lóðinni er ágætur sparkvöllur og körfuboltavöllur er framan við skólann.

Í dag er Leikskólinn Grænigarður í timburhúsi í hjarta Flateyrar á skjólsælum stað og notalegu umhverfi. Leikskólahúsnæðið hentar leikskólastarfi ágætlega, er hlýlegt og notalegt og nóg pláss er fyrir börnin þó svo að vinnusvæði starfsfólks mætti vera stærra og betra. Garðurinn í kringum leikskólann er afar skjólsæll og umhverfið er skemmtilegt. Miklar skemmdir eru í timbri hússins, fúi sem ekki er ljóst að takist að komast fyrir jafnvel þó lagt verði í viðgerðir sem áætlað er að kosti að lágmarki 12 milljónir króna. Vangaveltur eru uppi hjá Eignasjóði Ísafjarðarbæjar hvort hættandi sé á að verja svo miklu fé í viðgerðir á húsinu ef ekki er tryggt að úrbætur fáið og hvort þá sé betra að selja húsið til einhverra sem fundið gætu því nýtt hlutverk.

Dæmi um samrekstur leik- og grunnskóla í Súðavík.

Hér er úttekt menntamálaráðuneytisins á Súðavíkurskóla frá árinu 2010. Samrekstur leik- og grunnskóla er tekinn sérstaklega fyrir á bls. 24.

https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skyrsla_Sudavik_14_05_2010.pdf

„Niðurstöður matsins leiða í ljós að samrekstur leik-, grunn- og tónlistardeild í Súðavík hefur reynst vel og er í samræmi við aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Súðavíkurskóli vinnur eftir stefnu Uppeldis til ábyrgðar og hefur hún skilað skólanum margvíslegum ávinningi. Kennarar, starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa fengið markvissa kennslu í uppeldisstefnunni sem hefur skilað góðum árangri. Vinna við skólanámskrá er vel á veg kominn og hefur skólinn þróað í samvinnu við Mentor náms- og hæfnimarkmið í ákveðnum fögum. Námsmat er fjölbreytt og kennarar gera marklista samhliða prófum, þannig er staða hvers nemenda greind og viðmið sett. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.“

„Styrkleikar Súðavíkurskóla liggja m.a. í samrekstrinum, uppeldisstefnu hans, samvinnu leik- og grunnskólakennara, háu hlutfalli réttindakennara við grunnskólann og stuðningi fræðslunefndar.“

„Eitt af markmiðum með samrekstrinum var m.a. að þjappa starfsmannahópnum betur saman. Í dag hafa kennarar leikskólans aðgang að náms- og kennslugögnum grunnskólans og öfugt. Kennarar leik- og grunnskóla sitja saman í leshópum í tengslum við uppbyggingastefnuna, þeir sitja sameiginlega starfsmannafundi fjórum sinnum á ári, taka þátt í námskeiðum í tengslum við endurmenntun þegar það á við, eru í sameiginlegu starfsmannafélagi og halda sameiginlegar starfsmannaskemmtanir.“

Kostir og gallar þess að sameina leikskóla og grunnskóla á Flateyri

Hér verða dregnir saman kostir og gallar þess að sameina skólana undir eitt þak í Grunnskóla Öfundarfjarðar. Ljóst er að samantektin verður ekki tæmandi.

Kostir	Gallar
Fagleg umræða kennara auðveldari	Húsnæði Grænagarðs notalegt
Fagþekking flæðir betur um bæði skólastigin	Skólalóð Grænagarðs mjög góð
Nemendur í litlum árgöngum einangrast síður félagslega	Hætta á að leikskólastarf verði grunnskólamiðað
Meiri samfella verður milli skólastiga	Fjárhagslegur ávinningur lítill eða enginn
Auðveldara upplýsingaflæði fagaðila milli skólastiga	Töluverður kostnaður í upphafi
Samstarf skólastiga sem leiðir til skólaþróunar	Hugsanleg truflun á starfi hvers skólastigs fyrir sig
Flæði list- og verkgreinakennara þvert á skólastig	Fara þarf í breytingar á húsnæði GÖ og skólalóð
Skilvirkari stjórnun, betri yfirsýn og einfaldari stefnumótun	Skólalóð GÖ
Starfsmannahópurinn stækkar	Flateyringar bera taugar til húsnæði Grænagarðs
Skóladagur nemenda samfelldari	
Minni líkur á að loka þurfi skólum vegna veikinda starfsmanna	
Leikskólabörn geta nýtt íþróttahúsið betur	
Öll skólabörn á Flateyri í sama húsnæði	
Samnýting tækja og tóla til kennslu	
Samnýting bókasafns	
Einfaldar samstarf við utanaðkomandi	

Húsnæði Grænagarðs þarfnast mikils viðhalds	
Hagræðing gæti komið fram eftir 8-10 ár	

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri

Vinnslu